



## Faghópur IV

**Fundargerð 6. fundar, Orkustofnun 19. maí 2009, kl. 13:00**

**Mættir:** Guðni A. Jóhannesson, Jakob Sigurður Friðriksson Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

**Forföll:** Guðmundur Þóroddsson,

1. **Fundargerð.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. **Virkjunarkostir langt komnir.** Fram komu athugasemdir um að óeðlilegt væri að virkjunarkostir sem komnir væru vel á rekspöl í lögformlegu ferli, hefðu m.a. farið gegnum mat á umhverfisáhrifum og jafnvel fengið framkvæmdaleyfi, væru háðir mati undir hatti rammaáætlunar. Í þessum tilfellum yrði ekki aftur snúið. Formaður hópsins vísaði m.a. til nýlegs stjórnarsáttmála og taldi eðlilegt að þessar óskir yrðu bornar undir verkefnisstjórn. Auk þess hefði Orkustofnun úrslita orðið um veitingu virkjunar- og vinnsluleyfa. Þeir virkjunarkostir sem hér eiga í hlut eru:
  - a. Bitra - veiting framkvæmdaleyfis í vinnslu hjá sveitarfélagi.
  - b. Gráuhnúkar – hafa fengið leyfi sem niðurdælingarsvæði en OR hefur hug á að nýta til orkuframleiðslu þar sem botnhiti reyndist hærri en talið var.
  - c. Hverahlíð.
  - d. Hvammsvirkjun, neðri Þjórsá.
  - e. Holtavirkjun, neðri Þjórsá .
  - f. Urriðafossvirkun, neðri Þjórsá.
  - g. Búðarhálsvirkjun – framkvæmdir hafnar.
  - h. Kafla I – stækkun
  - i. Bjarnarflag
3. **Hvítá í Árnassýslu.** Í drögum að lista yfir virkjunarkosti hafa kostir í Hvítá í Árnassýslu m.a. verið undir einu nafni; „neðan Gullfoss“. Ástæða er til að tiltaka helstu kosti sem hér geta komið til greina og jafnframt kanna eldri hugmyndir um virkjanir ofan Gullfoss. Helstu kostir í þessu samhengi eru taldir virkjunarkostir kenndir við Selfoss (Ölfusá), Vörðufell, Hestfjall og við Fremstaver sem er skammt sunnan Hvítárvatns. Ómar mun skoða þessa og jafnvel fleiri kosti og leggja fram á næsta fundi. Starfsmaður gerði grein fyrir þeirri skoðun meðlima í faghópum 1 og 2 að örðugt væri að ná að meta þann fjölda kosta fyrir væri. Fundarmenn töldu mikilvægara að rammaáætlun tæki til sem allra flestra kosta og starf og mat rammaáætlunar yrði að sníða sér stakk eftir vexti.

4. **Listi yfir virkjunarkostir.** Samþykkt var að starfsmaður sendi út nýjustu drög yfir virkjunarkosti svo fundarmenn hefðu tæk á að vega og meta þá kosti sem fyrir eru og gera tillögur um breytingar.
5. **Sveinbjörn Björnsson.** Formaður gerði grein fyrir þeirri hugmynd að Sveinbjörn Björnsson, formaður verkefnisstjórnar 1. áfanga, yrði fenginn til að vinna lýsingar á nýjum virkjunarhugmyndum og –útfærslum eins og raunin var í 1. áfanga (sbr. viðauka a1 og a2 í niðurstöðuskýrslu 1. áfanga). Framkvæmd hugmyndarinnar stæði og félli með því að fjármunir myndu til að kosta verkið.
6. **Næsti fundur** verður miðvikudaginn 3. júní 2009 kl. 15:00 á Orkustofnun.